

23. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað orðanna »12 rúmlestir« í b-lið 4. gr. komi:
20 rúmlestir.

2. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi:
20 rúmlesta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1923 kom fram frv. um breyting á lögnum um atvinnu við siglingar, og í því frv. var gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem hjer er stungið upp á. En auk þess voru ráðgerðar ýmsar breytingar aðrar á lögum þessum. Um frv. þetta fór þannig, að því var vísað til 2. umr. og nefndar, en komst ekki lengra. því að það mun ekki hafa haft byr í nefndinni. Þykir líklegt, að því hafi valdið þær breytingar, sem hjer eru ekki teknar upp.

Þær breytingar, sem tarsið er fram á í þessu frv. eru nauðsynlegar, því að í b-lið 4. gr. laganna um atvinnu við siglingar er greinilega gert ráð fyrir, að stýrimaður sje yfirleitt á skipi yfir 12 rúml., en þó sagt berum orðum í 18. gr. sömu laga, að stýrimann þurfi að eins að hafa á skipum yfir 30 rúml. Hjer vantar því skýr ákvæði um stýrimensku á 12–30 rúml. skip. Sýnist liggja næst að skilja lögín á þann hátt, að heimilt sje, en ekki skylt, að hafa stýrimann á skipum af þeirri stærð. En þetta er óheppileg regla bæði af því, að það getur tæpast talist forsvaranlegt að hafa ekki stýrimann á skipum, sem hafa stærð til að geta legið úti á sjó sólarhringum saman, og einnig af því, að þá er hætt við að færri en holt er fyrir sjómannastjettina fáí að reyna sig sem stýrimenn. Auk þess er það ekki heppilegt, að skipseigandi eða útgerðarmaður geti ráðið því, hvort hann hefir stýrimann á skipi eða ekki, þegar skipið annars er af þeirri stærð, að gera verður ráð fyrir að vaktaskifti þurfi.

Með hliðsjón af þessu er stungið upp á því í frv., að aðeins stýrimenska á 20 rúmlesta skipum eða stærri, komi til greina til þess að öðlast stýrimannsskirteini á fiskiskipum, og að jafnframt sje fyrirskipað, að stýrimaður skuli jafnan vera á skipum yfir 20 rúml. Hefir stýrimannaskólastjórninn algerlega fallist á þetta.

Um einstakar gr. frv. er óþarft að ræða.